



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SEJÓLDUR OG SKÍPAUÐI RÓÐULL OG ÍS ALDÁRTREGI

Forstöðumannaskýrsla

Starfsstöð: Áhaldahús/höfn/sorpsamlag

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Sigurður Þorvaldsson/Sverrir Guðbrandsson

Tímabil: Maí 2023

1. Verkefni í undirbúningi:

- Skoðað með færslu tækja á Lillaróló vegna byggingar sem þar á að koma. (í bið)
- Gerð fjárhagsáætlana.
- Fundir vegna sorpmála.
- Setja niðurföll í Miðtún.
- Brunakerfi í Grunnskólann
- Nýjar lagnir vegna netkerfis í Grunnskóla

2. Verkefni í vinnslu:

- Fundir og samningar vegna sorpmála beðið eftir tilboðum tunnur fyrir sorp og endurvinnslu umbúðir. (beðið ákvörðunnar hvaða leið sveitarfélögin velja) (enn beðið eftir ákvörðun sveitarstjórna).
- Ýmsar smá lagfæringar fyrir deildir sveitarfélagsins.
- Ýmis verkefni tengd Grunnskólanum t.d. sérkennslustofa og skrifstofa skólastjóra gerðar klárar í gamlahlutanum þ.e. andyrri.
- Ljós fyrir andyrri og þakkassa félagsheimili.
- Útskipting á keðjum við flotbryggjur. (beðið eftir kafara)
- Skipta um ljós í möstrum á bryggjum. (Rafvirki væntanlegur snemma í okt)
- Klára að setja búnað sem stjórn dælum í vatnsveitu (gamli búnaður bilaður beðið eftir uppsetningu)
- Ýmis verk tengd Sorpsamlagi, og framtíðarplönunum þess.
- Frágangur á fjárréttum fyrir veturinn.

3. Verkefnum lokið

- Gerð skýrslu 5.4. til umhverfisstofnunnar vegna ársins 2022.
- Klára að setja rafmagns tengla á bryggju
- Grafið vegna drens við Grunnskólann

STRANDABYGGÐ HÖFÐAGATA 3 510 HÓLMAVÍK KT. 570806-0410

SÍMI 451-3510 FAX 451-3403 BANKI 0316-26-153 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR: WWW.STRANDABYGGD.IS



- Malbiksframkvæmdum lauk í ágúst.
- Niður setning gámaeininga var lokið í ágúst ásamt því að tengja þangað vatn og rafmagn.
- Fjárréttir gerðar klárar.

4. Annað:

Önnur föst verkefni fyrir deildir sveitarfélagsins tekið rusl farið með pakka, fylgst með vatnsnotkun og dælum vatnsveitu, vigtað úr bátum. Eins mörg önnur smáverk.

Leikskólinn Lækjarbrekka – Grunnskólinn á Hólmavík – Tónskólinn á Hólmavík **Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir** **September 2023**

Verkefni á frumstigi:

- Endurskoðun á reglum sveitarfélags um skólaakstur
- Fjárhagsáætlun Strandabyggðar 2024. Fjármagnspörf vegna uppbyggingar, viðhalds og reksturs sameinaðs skóla. Mat á fjárhagsáætlun síðasta árs.

Verkefni í vinnslu:

- Starfsauglýsingar grunnskóla og leikskóla þroskaþjálfari/iðjuþjálfari 100% starf
- Starfsauglýsingar tónskóla -tónlistarkennari
- Starfauglýsingar leikskóla deildarstjóri 100% starf, leikskólakennari 100% starf
- Starfsauglýsing aðstoðarmaður í mötuneyti leikskóla 62,5% starf
- Mönnun og skipulag í leikskóla
- Mönnun í frístund, samstarf við félagsmiðstöð og Geislann
- Formgera áætlun fyrir bráðger börn. Ábyrgð: Skólastjóri, deildarstjóri sérkennslu.
- Endurskoðun jafnréttisáætlunar. Ábyrgð Skólastjóri, jafnréttisfulltrúi.

Verkefni á ársvísu:

- Lærdómssamfélag leikskóla, styrkur úr sprotasjóði
- Þemakennsla, leiðsagnarnám, viðmið um árangur með ráðgjöf Ásgarðs
- Skólahúsnæði, bætt aðstaða til náms og leiks
- Heimasíða, endurskoðun
- Mentor og Karellen – innleiðing
- Samstarfsverkefni Grsk. Drangnesi og Grsk. Hólmavík, Samstarfsdagur/kennslusamstarf

Verkefnum lokið:



- Mötuneyti, eldhús fyrirkomulag við matseld fyrir leikskóla og grunnskóla. - Tímabundin lausn
- Mötuneyti, eldhús ráðning starfmannanna úr starfslíði skóla.
- Starfsauglýsing leikskóli: ræstitæknir
- Starfsstöð á skólavelli, Vallarhús fullbúa fyrir kennslu
- Mönnun í grunnskóla, skipulag
- Fræðslufundur um ADHD í grunnskóla
- Fræðslufundur um TMT í leikskóla
- Barnamenningarhátíð Vestfjarða, viðburðir heima í héraði og á Vestfjarðavísu
- Tímaáætlun skólaaksturs, ný tímaáætlun og breyting á fyrirkomulagi
- Skipulag, staðsetningar, akstur milli staða
- Endurskoðun námsvísa

Salbjörg Engilbertsdóttir skrifstofustjóri ***September***

- Vann bókhald og laun fyrir Strandabyggð, Hornsteina og Sorpsamlag með Báru út ágúst
- Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna 21.-22. September og Ársfundur Jöfnunarsjóðs 20. september. Margt áhugavert var á ráðstefnunni og gott að hitta kollega víða af landinu. Nokkir fyrirlestrar vöktu athygli mína sérstaklega td. Velsældarhagkerfi-Hvort er betra, peningar eða velsæld frá Dóru Guðrúnu Guðmundsdóttur sviðsstjóra lýðheilsu hjá Embætti landlæknis.
<https://vimeo.com/864766549> byrjar á 1.57.00 ca. Erindi Sigurðar Snævarr eru alltaf góð til að brýna okkur og í lok dags á föstudegi var áhugaverður fyrirlestur frá Friðjóni formanns bæjarstjórnar í Reykjanesbæ sem hét Upprisan og er hér á 2.00.00 <https://vimeo.com/864767424>
- Alls kyns reddingar, þrif og innkaup v. skólabyrjunar, mötuneytis, útleigu á eignum og þh.
- Sumarfrí að hluta frá 14-19. september og frí v. andláts náins ættingja 25.-26. september.

Verkefni á vinnslulista:

- Jafnlaunavottun. Aðhvarfsgreining unnin árlega, innri úttekt og rýnifundur. Kynning til launamanna þ.e. þegar staðfest vottun kemur frá Icert.
- Sorpsamlag og nýjar reglur, breytingar í sorpflokkun, upplýsingar til notenda
- Verkbókhald, aðlaga og innleiða á ný
- Fjárhagsáætlun 2024-2027
- Námskeið í skjalavistun, finna tíma og bóka kennara
- Námskeið fyrir starfsmenn í office umhverfinu og netöryggi



Venjubundin verkefni á mínu borði og unnin eru dag, viku og eða mánaðarlega.

- Svörun fyrirspurna, upplýsingar til sveitarstjórnar og afgreiðsla mála í samvinnu við sveitarstjórn
- Boðun sveitarstjórnarfunda í samvinnu við oddvita og sending fundargagna. Fundarritun.
- Afstemmingar launa og bókhalds og launatengdra gjalda reglulega. Launamiðum launþega skilað í janúar
- Afstemmingar lánadrottna reglulega og verktakamiðum skilað í janúar/febrúar
- Greiðslur til lánadrottna og bókun innsendra reikninga
- Færsla innborgana og útgjalda og afstemmingar bankareikninga mánaðarlega
- Afstemmingar og leiðréttingar á deildum ef þarf
- Skil á aðalbók reglulega til deildarstjóra, upplýsingagjöf og samskipti við þá
- Vsk. uppgjör á tveggja mánaða fresti, afstemmingar og leiðréttingar
- Samskipti og skil við stofnanir t.a.m Fjársýslu, Hagstofu, Skattstjóra og innheimtumenn ríkissjóðs
- Uppgjör, ársreikningur og endurskoðunarvinna. Árlega í jan-maí
- Launavinnsla og móttaka vinnuskýrslna og úrvinnsla þeirra. Greiðsla launa síðasta dag mánaðar
- Flest hér ofantalið er unnið sömuleiðis fyrir Veitustofnun, Sorpsamlag og Hornsteina
-

Félagsmálastjóri, september 2023

Helstu verkefni

- Hjá félagsþjónustunni eru nokkur umfangsmikil einstaklingsmál sem þurfa stöðuga eftirfylgni og þar með sinn tíma en eru þó breytileg milli mánaða.
- Starfsmannamál hafa verið á dagskrá, sem endranær, þar sem nokkrar breytingar hafa verið að eiga sér stað í haust og ný verkefni að bætast við. Það er búið að manna allar stöður hjá félagsþjónustunni í haust ☺ Hlíf Hrólfsdóttir leysir Hjördísi Hjörleifsdóttur af í fæðingarorlofi frá 1. ágúst 2023-1. ágúst 2024.
- Ýmis erindi og upplýsingar berast reglulega frá stjórnsýslunni og það fer mikill tími í að sinna þeim.
- Öðrum verkefnum félagsþjónustunnar hefur enn fremur verið sinnt eftir því sem á hefur þurft að halda hverju sinni.



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SEJÓLDUR OG SKÍPAUÐI RÓÐULL OG ÞÁ ALDÁBTREGI

Verkefni framundan

- Ýmsar breytingar hjá Félagsþjónustunni, þessar breytingar snerta farsældarfrumvarpið, barnaverndina, BsVest og sameiningu Strandabyggðar við önnur sveitarfélög. Samstarf okkar við Vestfirði í barnaverndarmálum og fötlunarmálum er hafið og lofar góðu.
Félagsmálastjóra finnst þessar breytingar erfiðar, sérstaklega þar sem þær eru mjög margþættar og óljóst hvernig og hvaða áhrif þær munu hafa á starfsemi Félagsþjónustunnar.
- Heimsóknir til eldri borgara og fatlaðra á félagsþjónustusvæðinu byrjuðu í febrúar. Þessar heimsóknir eru búnar í bili þar sem engin hjúkrunarfræðingur er á svæðinu sem getur farið með í þessar heimsóknir.
- Fjárhagsáætlun félagsþjónustunnar fyrir næsta ár er að verða tilbúin.

Soffía Guðrún Guðmundsdóttir, félagsmálastjóri